

Ár 2025, föstudagur 21. mars er dómþing dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið, af Þóru Margréti Hjaltested, dómara.

Fyrir er tekið: mál nr. 3/2025
Ungmennafélagið Fjölnir – íshokkiheild

gegn

Skautafélagi Reykjavíkur

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR

Málið er höfðað með kæru sem móttækin var 1. mars 2025. Kærandi er íshokkiheild Ungmennafélagsins Fjölnis og kærði er Skautafélag Reykjavíkur.

Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins ásamt fylgiskjölum þann 11. mars sl. auk þess sem kæranda var gefinn kostur að leggja fram frekari sjónarmið sem bárust 18. mars 2025.

Þar sem kröfugerð varðar m.a. leikheimild útgefna af Íshokkisambandi Íslands, ÍHÍ, var óskað eftir skriflegum athugasemdum ÍHÍ, sbr. grein 27.7 í lögum ÍSí. Athugasemdir ÍHÍ, dags. 4. mars 2025, liggja fyrir í málinu.

Þar sem kröfugerð tengist leik kærða og Skautafélags Akureyrar var Skautafélagi Akureyrar boðið að leggja fram athugaemdir til réttargæslu sem bárust með tölvupósti þann 18. mars 2025.

Kærugögn málsins liggja fyrir. Málið er skriflega flutt og var dómtekið 19. mars 2025.

Dómkröfur

Dómkröfur kæranda eru annars vegar þær að kærði, Skautafélag Reykjavíkur, hafi notað ólöglegan leikmann í leik kærða og Skautafélags Akureyrar laugardaginn 22. febrúar 2025. Hins vegar að kærði hafi skráð þrjá markmenn á leikskýrslu í framangreindum leik. Í kæru er vísað til þess að brot kærða varði við reglugerð ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.

Málsatvik

Mál þetta varðar í fyrsta lagi það hvort kærði hafi notað ólöglegan leikmann í leik Skautafélags Reykjavíkur og Skautafélags Akureyrar í Toppdeild karla 22. febrúar 2025. Í málgögnum kemur fram að laugardaginn 22. febrúar 2025 hafi Íshokkisamband Íslands, ÍHÍ, gefið út leikheimild fyrir Conor Hugh White og birt á vef sambandsins. Í frétt á vef ÍHÍ kemur fram að kærði hafi óskað eftir endurskráningu og leikheimild fyrir Conor Hugh White sem hafi leikið með Birninum/Fjölni á árum áður. Kærði hafi greitt félagaskiptagjald og lagt fram gögn til staðfestingar á íslenskum ríkisborgarrétti viðkomandi leikmanns.

Kærði skráði Conor Hugh White á leikskýrslu þann sama dag fyrir leik á móti Skautafélagi Akureyrar en leikskýrsla leiksins er á meðal dómsskjala.

Í öðru lagi varðar málið að kærði hafi skráð þrjá markmenn á leikskýrslu í framangreindum leik 22. febrúar 2025.

Málatilbúnaður kæranda

Kærandi, íshokkídeild ungmennafélagsins Fjölnis, telur að kærði hafi notað ólöglegan leikmann í leik kærða gegn Skautafélagi Akureyrar en ÍHÍ gaf út leikheimild fyrir Conor Hugh White 22. febrúar 2025 þann sama dag og framangreindur leikur fór fram. Telur kærandi ákvörðun ÍHÍ brjóti gegn 9. gr. reglugerðar ÍHÍ um félagsskipti og reglugbók alþjóða íshokkísambandsins (IIHF). Umræddur leikmaður Conor Hugh White, hafi verið leikmaður Fjölnis/Bjarnarins í áráraðir og hafi síðast leikið með félaginu leiktímabilið 2021/2022.

Í kæru er enn fremur rakið að ÍHÍ hafi gefið umrædda leikheimild út í bága við eigin reglugerðir. Vísað er til þess að félagsskiptagluggi tímabilsins hafi verið liðinn. Í 2. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 9. um félagaskipti komi fram að félagaskiptum innan keppnistímabils skuli synjað í öllum tilfellum nema með þeim undantekningum sem fram komi í reglugerðinni. Í 3. gr. reglugerðarinnar komi fram að stjórn ÍHÍ geti veitt undanþágu fyrir félagaskiptum íslenskra og erlendra leikmanna telji stjórn ÍHÍ það rétt og sanngjarnt. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu sé að stjórn samþykki hana samhljóða. Segir í kæru að kærandi hafi fengið það staðfest að umrædd leikheimild hafi hvorki verið samþykkt samhljóða né tekin fyrir af stjórn ÍHÍ. Framkvæmdastjóri ÍHÍ hafi gefið heimildina út án vitundar stjórnar. Að lokum er vísað til þess að kæranda hafi ekki borist fyrirspurnir um skuldleysi umrædds leikmanns eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðarinnar.

Í viðbótarathugasemdom kæranda er jafnframt vísað til þess að þar sem kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmanni skuli mörk þess í leiknum þurrkuð út og úrslit leiksins verði skráð í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna. Af hálfu kæranda er því mótmælt að fordæmi fyrir leikheimild utan félagsskiptaglugga frá árinu 2022 sem vísað er til af hálfu kæranda og ÍHÍ geti verið fordæmi í málinu. Atvik þess máls hafi ekki verið sambærileg en hafi engu að síður verið ólögmat þar sem þau hafi brotið í bága við reglur ÍHÍ. Er af hálfu kærða talið að framkvæmdastjóri ÍHÍ hafi viðurkennt að leikheimildin hafi verið gefin út án heimilda í sjónarmiðum ÍHÍ fyrir dóminum.

Hvað varðar síðari lið kærunnar sem lýtur að fjölda markmanna á leikskýrslu er vísað til þess að kærði hafi skráð þrjú markmenn á leikskýrslu en samkvæmt reglubók IIHF sé einungis heimilt að skrá tvo markmenn á leikskýrslu. Í greinargerð er jafnframt vísað til 1. gr. reglugerðar ÍHÍ um leikskýrslur sem kveði á um að leikskýrslur skuli vera tölvuunnar í miðlægum gagnagrunni ÍHÍ (Hydra) og því verði að skilja að eina gilda leikskýrslan sé sú leikskýrsla sem hlaðið hafi verið upp í Hydra kefinu. Vísar kærandi til fordæmis í máli dóms HSÍ í máli 1/2024 þar sem mat dóms HSÍ hafi verið að breytingar á leikskýrslum skuli gerðar í tölvukerfi en ekki á útprentuðum leikskýrslum. Er jafnframt vísað til þess engar sönnur séu fyrir því að umrædd yfirstrikun á leikskýrslu sem lögð var fram af hálfu kærða hafi verið á blaðinu sem Skautafélag Akureyrar ritaði undir.

Kærandi rökstyður aðild sína að málinu með þeim hætti umræddur leikmaður sem ÍHÍ veitti félagaskipti til kærða hafi verið leikmaður Fjölnis/Bjarnarins í áráraðir og hafi síðast leikið með félaginu leiktímabilið 2021/2022. Þá er til þess vísað að barátta um sæti í úrslitakeppni Íslandsmótsins í íshokki standi sem hæst og að einungis tvö stig skilji á milli kæranda og kærða.

Málatilbúnaður kærða

Af hálfu kærða er þess krafist að kröfum kæranda verði frá dómi vegna aðildarskorts þar sem leikurinn hafi verið á milli kærða og Skautafélags Akureyrar auk þess sem gerð er krafa um greiðslu málskostnaðar. Til vara er þess krafist að dómstóllinn vísi kærinni frá vegna óskýrleika þar sem kærði geti ekki áttað sig á því hverjar dómkröfur kæranda séu, aðrar en að kvarta yfir notkun kærða á meintum ólöglegum leikmanni. Slík kvörtun eigi ekki heima á borði dómstóls ÍSÍ, heldur ÍHÍ.

Í greinargerð kærða er vísað til þess að í reglugerð ÍHÍ nr. 9 um félagaskipti sé nákvæmlega kveðið á um það hvernig félagsskiptum skuli háttáð. Kærði mótmælir óljósri dómkröfu um notkun á ólöglegum leikmanni, en öll gögn málsins sýni að umræddur leikmaður hafi ekki verið ólöglegur. Ekki sé við kærða

að sakast hafi orðið mistök við afgreiðslu félagaskipta hjá ÍHÍ og vísað til þess að afgreiðsla ÍHÍ hafi byggt á fordæmi frá árinu 2022. Þá er vísað til þess að a-liður 10. gr. hafi veitt ÍHÍ heimild til að gefa út leikheimild fyrir viðkomandi leikmann. Þá varði ekki kærða hvort heimildin hafi verið samþykkt samhljóða af stjórn ÍHÍ eða framkvæmdastjóra fyrir hönd stjórnar eins og venja sé hjá ÍHÍ. Kærði rekur þá ákvæði reglugerðar um félagaskipti og skilyrði þeirra og vísar til þess að ákvörðun framkvæmdastjóra ÍHÍ um að gefa út leikheimild fyrir umræddan leikmann hafi rúmast fyllilega innan ramma reglugerðarinnar og fordæmis frá árinu 2022.

Í samantekt stjórnar íshökkídeildar kærða á fylgiskjali nr. 3 með greinargerð kærða er rakið að stjórn kærða hafi ákveðið að kanna með félagaskipti fyrir Conor Hugh White þar sem varamarkmaður liðsins, Haraldur Nickel, hafi verið valin til að spila fyrir U18 landslið drengja og því hafi verið ljóst að liðið þyrfti að leika án varamarkmanns á meðan á því verkefni stæði. Er af hálfu stjórnar kærða haldið fram að í öllu hafi verið farið eftir settum reglum þegar leitað hafi verið til ÍHÍ og beiðni um félagaskiptin verið lögð fram. Einnig kemur fram að umræddur leikmaður hafi ekki komið við sögu í leiknum og hafi því ekki haft áhrif á gang eða úrslit leiksins.

Hvað varðar skráningu þriðja markmanns á leikskýrslu segir að hann hafi verið skráður þar sem kerfið sem notað sé frá IIHF bjóði upp á skráningu varamarkmanns (e. emergency goalkeeper). Segir að á þeim viðburðum sem leyfi þrjá markmenn megi þó aldrei nema tveir hita upp og vera gallaðir fyrir leik en í streymi frá leiknum megi sjá að aðeins tveir markmenn taki þátt í upphitun og skauti inn á svell í alla leikhlutu leiksins. Að lokum segir að liðsstjóri liðsins hafi strikað yfir nafn þriðja markmanns á liðslista sem liðsstjórar beggja liða hafi kvittað undir fyrir leik. Er vísað til þess að yfirstrikun á leikmönnum sem veikist eða af óviðráðanlegum ástæðum komist ekki í leiki hafi tíðkast í lengri tíma hjá öllum félögum.

Sjónarmið ÍHÍ og Skautafélags Akureyrar

Í greinargerð ÍHÍ eru raktar forsendur þess að umrædd leikheimild var gefin út. Kemur fram að framkvæmdastjóri hafi farið gaumgæfilega yfir útgefnar leikheimildir og fundargerðir stjórnar frá árinu 2022 þegar leikheimild sú sem vísað hefur verið til var gefin út þar sem mikil líkindi séu með þessum málum m.a. er vísað til þess að um báða eigi það við að þeir hafi ekki spilað á yfirstandandi tímabili og ekki heldur á tímabilinu á undan.

Það hafi því verið niðurstaða framkvæmdastjóra að fordæmi væri til staðar fyrir því að eldri íslenskir leikmenn sem ekki hafi leikið á því tímabili sem er í gangi og ekki heldur á tímabilinu á undan, geti komið inn í leikmannahópa liðanna í Toppdeild karla innan keppnistímabils með einföldum félagaskiptum. Ekki væri stætt á að banna einu liði það sem annað hefði fengið áður. Er vísað til þess að leikheimildin hafi verið veitt á grundvelli fyrri fordæma án þess að lög eða gildandi reglugerðir hafi kveðið á um heimildir framkvæmdastjóra til slíkra aðgerða. Sérstaklega hafi verið horft til þess að um varamarkvörð væri að ræða sem myndi að öllum líkindum ekki hafa teljandi áhrif á yfirstandandi keppni. Afgreiðslan hafi verið kynnt fyrir formanni stjórnar með skilaboðum um að nauðsynlegt væri að endurskoða reglugerð nr. 9 á komandi íshokkíþingi. Formaður hafi ekki gert athugasemd við afgreiðsluna og tekið undir sjónarmið um að endurskoða þurfi reglugerðina.

Hvað varðar síðari hluta dómkröfu um fjölda varamarkmanna á skrá kemur fram í sjónarmiðum framkvæmdastjóra ÍHÍ að fara skuli eftir reglu 5.3 í leikreglum IIHF en þar komi fram að hvert lið skuli hafa tvo markmenn skráða á formlegri leikskýrslu. Undantekningar frá þeirri reglu séu heimilar í sérstökum mótum á vegum IIHF þar sem skráning þriðja markmanns er heimilud. Slík heimild til undanþágu sé tilkynnt með löngum fyrirvara.

Í sjónarmiðum sem bást frá Skautafélagi Akureyrar kemur fram að þegar leikurinn 22. febrúar 2025 hafi farið fram hafi Skautafélag Akureyrar þegar verið búið að tryggja sér deildarmeistaratitilinn og þar með heimaleikjaréttinn og því hafi úrslit leiksins ekki skipt máli fyrir félagið. Kemur fram að hinir meintu ólöglegu leikmenn hafi ekki haft áhrif á úrslit leiksins í verki. Þá er vísað til þess að félagaskiptin hafi ekki farið fram í samræmi við ákvæði reglugerðar um félagaskipti og vísað til þess að fyrri mistök hafi

ekki fordæmisgildi en ekki sé útilokað að það sama hafi gerst oftast fyrir mistök án þess að aðilar hafi orðið þess varir.

Forsendur og niðurstöður

I.

Kæra í málinu barst 1. mars og barst því innan kærufrest samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSÍ.

Varðandi það hvort kærandi eigi kærurétt í máli þessu þar sem hann hafi ekki átt aðild að umræddum leik verður með vísan til greinar 31.1 í lögum ÍSÍ að horfa til þess að niðurstaða leiksins getur haft áhrif á önnur lið í Toppdeild karla þar á meðal kæranda og verður því talið að kærandi hafi nægilega hagsmuni til að eiga aðild að málinu. Kröfu kærða um frávísun vegna aðildarskorts er því hafnað.

Samkvæmt grein 20.3 í lögum ÍSÍ skulu dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur Íþrótta- og Ólympíusambands Ísland (ÍSÍ), sérsambanda, héraðssamanda, íþróttabandalaga, aðildarféлага eða einstakra iðkenda eftir því sem við á. Byggja dómstólar ÍSÍ niðurstöður á lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þeirra sem og meginreglum íþróttaréttar, sbr. grein 20.5.

Samkvæmt 17. gr. laga ÍHÍ skal farið með öll ágreiningsmál sem kunna að koma upp innan íshokkííþróttarinnar skv. 4. kafla laga ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ. Í reglugerð ÍHÍ nr. 5 um dómstóla kemur jafnframt fram í 1. gr. að dómstólar ÍSÍ séu dómstólar ÍHÍ og að kærumeðferð sé með öllu samkvæmt lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstóla. Í reglugerð ÍHÍ nr. 8 er fjallað um aganefnd ÍHÍ en hlutverk aganefndar samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumann, féлага, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli í öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Þannig heyrir það hvorki undir aganefnd að fjalla um mál er varða félagaskipti né skráningu leikmanna á leikskýrslur. Með vísan til framangreinds er ljóst að kærufnið heyrir undir lögsögu dómstóla ÍSÍ.

Af hálfu kærða er til vara krafist frávísunar dómkrafna þar sem kærði hafi ekki getað áttað sig á dómkröfum kæranda vegna óskýrleika þeirra. Þegar horft er dómkrafna kæranda og greinargerðar kærða verður ekki séð að dómkröfur kæranda hafi verið svo óljósar að kærða hafi ekki mátt vera ljóst hvert efni þeirra væri. Varakröfu kærða um frávísun máls er því synjað.

II.

Samkvæmt 16. gr. laga ÍHÍ skulu félagaskipti fara fram í samræmi við móta- og keppnisreglur ÍHÍ. Um félagaskipti gildir reglugerð nr. 9 um félagaskipti frá 11. maí 2019. Af atvikum máls og með vísan til þess sem fram kemur í sjónarmiðum ÍHÍ má ljóst vera að félagaskipti umrædds leikmanns Conor Hugh White fóru ekki fram í samræmi við ákvæði undantekningar ákvæði reglugerðarinnar um félagaskipti innan keppnistímabils. Samkvæmt 4. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar skal í öllum tilvikum synja félagaskiptum innan keppnistímabilsins nema með þeim undantekningum sem fram koma í reglugerðinni. Er í 2. málsl. 10. gr. reglugerðarinnar gert ráð fyrir að stjórn geti veitt undanþágu fyrir félagaskiptum telji hún það rétt og sanngjarnt og að slík ákvörðun sé samþykkt samhljóða af stjórn. Þá skal ÍHÍ fá staðfest skuldleysi leikmanns við hans fyrra félag, sbr. 3. máls. 3. gr.

Í málinu liggur fyrir að við ákvarðanatöku hafi framkvæmdastjóri ÍHÍ horft til félagaskipta sem afgreidd voru með sambærilegum hætti í samkynja máli tengdu kæranda árið 2022. Ekki verður hjá því komist að benda á að jafnvel þó fordæmi séu fyrir afgreiðslu mála með ákveðnum hætti þá skapar slík ákvörðun ekki fordæmi hafi hún verið tekin í andstöðu ákvæði laga og reglna ÍHÍ.

Að öllu framangreindu má ljóst vera að ákvörðun um félagaskipti Conor Hugh White samræmdist ekki ákvæðum 4. máls. 2. gr., 3. máls. 3. gr. og 2. máls. 10. gr. reglugerðar um félagaskipti. Þannig var hvorki leitað staðfestingar á skuldleysi leikmanns við fyrra félag né lá til grundvallar samhljóða ákvörðun stjórnar ÍHÍ, jafnvel þó formaður stjórnar virðist hafa haft vitneskju um málið og afgreiðslu framkvæmdastjóra. Ákvörðun um félagaskiptin var því ekki tekin af þar til bærum aðila. Af gögnum

máls má jafnframt ráða að kærða hafi mátti vera það ljóst jafnvel þó vísað hafi verið til eldra fordæmis. Framangreind ákvörðun um félagaskipti telst því ólögmat.

Með hliðsjón af framansögðu er fallist á dómkröfu kæranda í málinu að kærði hafi notað ólöglegan leikmann í leik kærða og Skautafélags Akureyrar í leik í Toppdeild karla 22. febrúar 2025. Samkvæmt skýru orðalagi 1. gr. reglugerðar um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna skal breyta úrslitum í umræddum leik þannig að Skautafélagi Akureyrar er dæmdur sigur í umræddum leik gegn kærða með markatölunni 10-0. Á sú niðurstaða m.a. fordæmi í dómum dómsstóls og áfrýjunardómstóls HSÍ í máli 1/2024.

III.

Reglugerð nr. 10 fjallar um leikskýrslur. Í 1. gr. hennar segir að fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarféлага þess skuli gera leikskýrslu og að form hennar skuli byggt á leikskýrslum IIF. Leikskýrslan skal vera tölvuunninn og færð til nota í miðlægum gagnagrunni ÍHÍ. Samkvæmt 2. gr. skal skrá á leikskýrslu nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að frumrit leikskýrslu skuli skannað inn og sent til ÍHÍ eða það afhent eftirlitsdómara eða aðaldómara og skal það hafa borist skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik er lokið.

Samkvæmt handbók ÍHÍ 2024 er það hlutverk ritara leiksins að sjá um uppsetningu leikskýrslu fyrir leik og sjá til þess að hún sé undirrituð af þjálfurum liðanna nokkru áður en leikur hefst. Í skýrsluna eru skráð atvik leiks og að leik loknum sér ritari til þess að dómari undirriti skýrsluna þannig að leiknum sé lokað og sér um að afrit af leikskýrslunni berist skrifstofu ÍHÍ.

Óumdeilt er að á leikskýrslu skráði kærði þrjú markmenn sem var óheimilt í viðkomandi leik, sbr. ákvæði 5.3. í leikreglum IIF. Í málgögnum sem kærði lagði fram var að finna útprintað eintak af leikmannalista þar sem strikað hafði verið yfir nafn eins markmanna liðsins. Eftir sem áður liggur fyrir að í birtri leikskýrslu leiksins eru skráðir þeir markmenn sem er óheimilt og felur í sér brot gegn framangreindu ákvæði 5.3 í leikreglum IIF.


Með vísan til þess að með skráningu þriggja markmanna á leikskýrslu tefldi kærði fram ólöglega skipuðu liði er fallist á dómkröfu kæranda í málinu hvað þennan þátt varðar. Nú þegar hefur verið fjallað um áhrif þess að kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmanni og komist að þeirri niðurstöðu að úrslitum leiksins skuli breytt þannig að Skautafélagi Akureyrar er dæmdur sigur í umræddum leik gegn kærða sem fram fór þann 22. febrúar sl. með markatölunni 10-0.

Með hliðsjón af framansögðu er fallist á kröfur kæranda í málinu og aðal- og varakröfum kærða, þ.m.t. um málskostnað, hafnað.

Dómsorð

Kærði, Skautafélag Reykjavíkur, telst hafa tapað leik við Skautafélag Akureyrar, sem fram fór 22. febrúar 2025 í Toppdeild karla með markatölunni 0-10.

Málskostnaður er ekki dæmdur.



Þóra M. Hjaltsted

dómari

Málkostsheimild

Aðilum er bent á að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því aðila var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að dómur var kveðinn upp, sbr. grein 35.3 í lögum ÍSÍ.